



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 8. feb. 2021 kl. 17:00.

(Fundur nr. 6. frá Reykjavík)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Björn Traustason, Valgerður Auðunsdóttir, Berglind Ásgeirsdóttir, Þróstur Eysteinnsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Á dagskrá fundar var:

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar*
Samþykkt.
- 2. Skýrsla um skógræktarfélögin í framhaldi af skýrslu Elísabetar*
Farið var yfir þá þætti í skýrslu Elísabetar sem lutu að ráðleggingum (recommendations) hennar. M.a. var rætt um hvernig mætti koma á betra og nánara samstarfi milli einstakra skógræktarféлага (í sama landshluta eða á milli lítilla og stórra skógræktarféлага í fjarlægum landshlutum) sem og milli skógræktarféлага og Skógræktarinnar. Hvernig mætti stuðla að aukinni þátttöku yngra fólks og „nýrra Íslendinga“.
- 3. Umsögn um ný jarðalög*
Kynnt voru drög að umsögn SÍ sem sent verður inn þann 10/2.
- 4. Landgræðslusjóður og Þrándarstaðir, endurnýjun samnings*
Útlit er fyrir að ávöxtun og úthlutun Landgræðslusjóðs verði með svipuðum hætti og árið áður. Í fyrra voru tiltölulega fáar umsóknir í Lgrsj., en tiltölulega stórar upphæðir. Ekki hefur náðst að halda stjórnarfund vegna Geirþjófsfjarðar. Mikilvægt að það verði gert þannig að stjórnarmenn samræmi

kröfur og óskir í viðræðum við Umhverfisstofnuneyti. Svo virðist að meiri hluti stjórnarinnar vilji selja jörðina. Í umræðunni hefur verið stungið upp á þeim möguleik að fá jörðina Kaldárhöfða við Sogið. Ríkisjörð sem liggur að Þingvallapjóðgarðinum en hún er allt að 1800 ha og um helmingur hennar er skógtækur.

Enn eru eftir fimm ár af samningnum um Þrándarstaði, (var til 25 ára) en eftir er að ganga frá ýmsum flækjumálum við ábúanda á þann hátt að hægt sé að framlengja ræktunarsamninginn við ríkið. Hugsanlega þarf að fá lögfræðilega aðstoð við lyktir mála.

5. Rótarskót – hvernig tókst til

Við þessi áramót seldust 6765 rótaskót – sem er lækkun milli ára. Samningurinn milli Landsbjargar og SÍ rennur út í haust. Þegar sá samningur var gerður, var ekki reiknað með að senda þyrfti plöntur út um allt land; miðað var við gróðursetningu á einum stað. Þessar plöntur fara niður á þessu ári, en sjá verður til með framhaldið.

6. Önnur mál m.a.

Þuríður lagði til að endurskoða áform um ferð til Marokkó í haust; að þess í stað yrði farið til e-a Norðurlandanna eða vestur að Hrafnseyri við Arnarfjörð

17. júní nk.